



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík 04. maí 2021

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (réttarstaða brotaþola, fatlaðs fólks og aðstandenda) mál nr. 718.

Vísað er til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar til umboðsmanns barna, dags. 15. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á nokkrum ákvæðum laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Umboðsmaður barna fagnar þeim breytingum sem þar eru lagðar fram og miða að því að bæta réttarstöðu brotaþola og fatlaðra við meðferð tiltekinna sakamála hjá lögreglu og fyrir dómstólum. Ein af þeim breytingum sem lagðar eru til er að dómara verði heimilt að ákveða að skýrslugjöf brotaþola eða vitnis með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun, fari fram í sérútbúnu húsnæði. Hér er um mikilvæga réttarbót að ræða. Í greinargerð kemur fram að slík skýrslutaka gæti farið fram í Barnahúsi eða sérútbúnu herbergi í dómhúsi. Það er varhugavert að nefna Barnahús í þessu samhengi án þess að það sé rökstutt frekar og þá hvernig Barnahús eigi að geta tekið við verkefni sem þessu án þess að biðlistar aukist og skerðing verði á þeirri þjónustu sem þar er veitt. Þá ber að hafa í huga að Barnahús er sérstaklega útbúið fyrir börn. Það er ákjósanlegt að á vegum dómstóla verði komið upp sérstakri aðstöðu sem hentar fyrir starfsemi sem þessa þar sem komið verði til móts við þarfir fatlaðs fólks.

Með 8. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði a-liðar 59. gr. núgildandi laga um skyldu til að að taka skýrslu fyrir dómi ef rannsókn beinist að kynferðisbroti taki, auk barna 15 ára og yngri, einnig til brotaþola með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun. Jafnframt verði kveðið á um það í c-lið ákvæðisins að það geti tekið til fatlaðs fólks. Samhliða þessum breytingum er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 59. gr. þar sem gert verði ráð fyrir þeim

möguleika að viðbótarskýrslur skv. a- og c-lið 1. mgr. 59. gr. verði teknar fyrir dómi á rannsóknarstigi ef rannsóknarhagsmunir krefjast þess og slík skýrslugjöf telst ekki sérlega íþyngjandi fyrir brotþola eða annað vitni. Lítið er fjallað um þessa nýju málsgrein í greinargerð en þörf hefði verið á slíkri umfjöllun enda mikilvægt m.a. að hafa í huga að það er almennt alltaf íþyngjandi fyrir barn, hvort sem það er brotþoli eða vitni, að koma fram fyrir dóm og greina frá atburðum er varða við XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna